



**BA-ritgerð  
í lögfræði**

## **Forgangsréttarákvæði í kjarasamningum**

Jón Steinar Þórarinsson

Leiðbeinandi: Eggert Páll Ólason, hdl.

Júní 2015



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Forgangsréttarákvæði í kjarasamningum**

Jón Steinar Þórarinsson

Leiðbeinandi: Eggert Páll Ólason, hdl.

Júní 2015



## EFNISYFIRLIT

1 Inngangur .....	3
2 Almennt um samninga sem andstæðir eru lögum .....	3
2.1 Um efnisannmarka og samningsákvæði andstæð lögum.....	3
3 Neikvætt félagafrelsi .....	4
3.1 Um 74. gr. stjórnarskrárinnar .....	4
3.2 Um 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu .....	5
3.3 Vernd neikvæðs félagafrelsis ríkari í 2. mgr. 74. gr. stj. skr. en í 11. gr. MSE.....	6
4 Nánar um kjarasamninga og forgangsréttarákvæði.....	6
4.1 Almennt um kjarasamninga.....	6
4.2 Stéttarfélag og kjarasamningar í íslensku lagaumhverfi .....	7
4.2.1 Staða stéttarféлага .....	7
4.3 Forgangsréttarákvæði og forgangsrétturinn.....	8
4.4 Dómaframkvæmd um forgangsréttarákvæði .....	10
4.5 Munurinn á forgangsréttarákvæðum og aðildarskylduákvæðum .....	12
4.6 Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku. ....	14
5. Réttaráhrif forgangsréttarákvæða .....	15
5.1 Kjarasamningar sem innihalda forgangsréttarákvæði .....	15
5.2 Ráðningarsamningar sem brjóta gegn forgangsréttarákvæðum .....	16
6. Niðurstöður.....	17
Heimildaskrá .....	18
Dómaskrá .....	19

## 1 Inngangur

Kjarasamningar hafa um langa hríð leikið stórt hlutverk á íslenskum vinnumarkaði og gera enn. Samningar þessir eru afar þýðingarmiklir fyrir þjóðarhag og eiga launþegar, atvinnurekendur sem og hið opinbera afar mikið undir efni þessara samninga. Það má í raun segja að flestir sem starfa á íslenskum vinnumarkaði verði fyrir áhrifum kjarasamninga að einhverju leyti. Samningar þessir eru jafn misjafnir og þeir eru margir og geta þeir innihaldið ýmis ákvæði um annað en almenn kjör þeirra sem undir þá gangast. Forgangsréttarákvæði eru þar á meðal en ýmis form slíkra ákvæða hafa lengi tíðkast í kjarasamningum hér á landi. Með slíkum ákvæðum vilja stéttarfélög sem aðilar að þessari samningsgerð tryggja félagsmönnum sínum forgang að þeim störfum sem í boði eru hjá viðsemjendum þeirra, umfram þá sem ekki standa innan þessara stéttarfélaga.

Ákvæði af þessu tagi hafa verið viðurkennd og fengið að vera óátalin í íslenskri réttarframkvæmd og mun viðfangsefni þessarar ritgerðar vera það að kanna hversu vel þessi ákvæði samræmast grundvallarreglum stjórnarskrár Lýðveldisins um félagafrelsi ásamt 11.gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um sama efni og jafnframt hvort kjarasamningar sem innihalda slík ákvæði, ásamt ráðningarsamningum sem gerðir eru í skjóli þeirra, séu í samræmi við lög. Með þetta fyrir augum verður leitað á náðir fræðimanna auk þess sem innlend og erlend dómaframkvæmd verður skoðuð.

## 2 Almennt um samninga sem andstæðir eru lögum

### 2.1 Um efnisannmarka og samningsákvæði andstæð lögum

Í upphafi verður fjallað almennt um efnisannmarka í samningarétti og þá einkum samningsákvæði sem andstæð eru lögum. Í ritinu *Samningaréttur* eftir Pál Sigurðsson er slegið fastri þeirri rótgrónu og viðurkenndu reglu að ákvæði í löggerningum, sem eigi fái samrýmst landslögum eða viðurkenndum siðferðisskoðunum, skuli, eftir atvikum, teljast ógild.<sup>1</sup> Páll segir jafnframt:

Iðulega verður að telja, að samningar eða annars konar löggerningar sem eigi fá samrýmst tilteknum lagaákvæðum, séu ógildir í þeirri merkingu, er hér hefur verið lögð til grundvallar. Þó skal haft í huga að löggerningur, sem andstæður er lögum á einn eða annan hátt, getur verið gildur í einkaréttarlegri merkingu, enda þótt það, að til löggerningsins var stofnað með nánar tilgreindum ólögætum hætti, geti t.d. haft einhver viðurlög í för með sér.

---

<sup>1</sup> Páll Sigurðsson, *Samningaréttur*, bls. 257.

Af þessu má ráða að erfitt getur verið að orða almenna reglu um hvort samningar sem fara í bága við lög teljist ógildir. Ekki er hægt að fullyrða að öll sanningsákvæði sem fara í bága við lög að einhverju leyti séu sjálfkrafa ógild. Skoða þarf hvert einstakt tilvik fyrir sig enda margir þættir sem hafa þar áhrif. Það hlýtur því að ráðast af eðli þeirra hagsmuna sem viðkomandi lagareglu er ætlað að tryggja hvort sanningsákvæði, sem fer í bága við hana, teljist að vettugi virðandi. Í því sambandi ætti almennt að mega álykta sem svo að sanningsákvæði sem fara gegn stjórnarskrárvernduðum réttindum einstaklinga séu ógild. Þar sem efni þessarar ritgerðar beinist fyrst og fremst að stjórnarskrárvörðum rétti manna til þess að standa utan félaga getur framangreind ályktun haft mikið vægi í eftirfarandi umfjöllun.

Séu ákvæði kjarasamnings andstæð lögum hljóta slík ákvæði að teljast að vettugi virðandi, a.m.k. að því marki sem þau skerða réttindi verkafólks. Gildir þetta þrátt fyrir að stéttarfélögum og atvinnurekendum sé ljáð víðtækt vald til þess að semja um efni kjarasamninga og jafnvel hafa fræðimenn gengið svo langt að segja kjarasamninga hafa stöðu réttarheimildar að íslenskum rétti.<sup>2</sup> Á grundvelli reglunnar um að æðri réttarheimildir gangi framur lægra settum réttarheimildum (*l. lex superior*) má hins vegar draga þá ályktun að ákvæði kjarasamninga megi ekki ganga í berhöggi við sett lög. Samningar einstakra launþega við atvinnurekendur eru hins vegar ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags, hafi stéttarfélagið ekki samþykkt þá líkt og skýrt er kveðið á um í 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

### 3 Neikvætt félagafrelsi

#### 3.1 Um 74. gr. stjórnarskrárinnar

Til að ritgerð þessi megi ná þeim markmiðum sem lagt var upp með er nauðsynlegt að líta á ákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir „stjkskr.“) og Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir „MSE“) er lúta að félagafrelsi en ákvæði þessi tengjast forgangsréttarákvæðum kjarasamninga órjúfanlegum böndum. Félagafrelsi telst vera réttur manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi. Neikvætt félagafrelsi er sá hluti félagafrelsis sem snýst um rétt manna til að standa utan félaga.<sup>3</sup>

Um félagafrelsi í íslenskum rétti gilda einkum tvær lagareglur. Annars vegar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og hins vegar 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994. Áður fyrr var ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar einkum ætlað að

<sup>2</sup> Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði*, bls. 149.

<sup>3</sup> Lögfræðiorðabók með skýringum, bls. 218 og 299.

vernda rétt manna til þess að stofna félög og njóta aðildar að þeim en réttur manna til að standa utan þeirra hlaut ekki sérstaka vernd fyrir en með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 þegar 2. mgr. 74. gr. stjkskr. var lögfest en hún er svohljóðandi:

Engan má skylda til aðildar að félagi. Með lögum má þó kveða á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.

### 3.2 Um 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu

Í 11. gr. MSE segir:

Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög með öðrum, þar á meðal stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum. Eigi skal réttur þessi háður öðrum takmörkunum en þeim sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til þess að fyrra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða réttindum og frelsi. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi vera því til fyrirstöðu að löglegar takmarkanir séu settar við því að liðsmenn hers og lögreglu eða stjórnarstarfsmenn beiti þessum rétti.

Telja verður að þvingun til aðildar að félagi geti, í það minnsta við vissar aðstæður, brotið gegn 11. gr. MSE þó ekki sé kveðið á um hið neikvæða félagafrelsi berum orðum í sáttmálanum. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur oftast en einu sinni túlkað 11. gr. sem svo að hún verndi rétt manna til þess að standa utan félaga m.a. með hliðsjón af eðli þeirrar þvingunar sem umræðir hverju sinni. Dómstóllinn hefur þá gjarnan litið til 9. gr og 10. gr. sáttmálans um skoðana- og tjáningarfrelsi, máli sínu til stuðnings. Þetta gerði dómstóllinn fyrst í máli *Young, James og Websters gegn Bretlandi frá 13. Ágúst 1981 (7601/76 og 7806/77)*. Í dómnum sagði m.a. að skylduaðild að stéttarfélagi þurfi ekki alltaf að vera andstæð sáttmálanum að því gefnu að 11. gr. MSE verndi ekki neikvætt félagafrelsi í sama mæli og jákvætt. Í málinu hafði þremur starfsmönnum verið sagt upp störfum vegna þess að þeir neituðu að ganga í stéttarfélög sem gert höfðu samning sem innihélt forgangsréttarákvæði og taldi dómurinn að hótun um uppsögn og þar með missi lífsviðurværis væri eitt alvarlegasta form nauðungar sem um gætti og slík nauðung breyti gegn kjarna þess frelssis sem verndað væri af 11. gr. MSE.<sup>4</sup>

Það eru einkum þessi ákvæði sem hafa þýðingu þegar lögmæti forgangsréttarákvæða kjarasamninga verður skoðað nánar í ritgerð þessari.

Í dómi *MDE í máli Sigurðar Sigurjónssonar gegn Íslandi frá 30. júní 1993* var því slegið föstu að íslenska ríkið hefði brotið gegn skyldum sínum skv. 11. gr. MSE með því að hafa

---

<sup>4</sup> Áslaug Björgvinsdóttir, „Neikvætt félagafrelsi og staða lögmannafélags Íslands.“, bls. 225 og 226.

gert leigubifreiðastjórum, með lögum, skylt að vera félagsmenn í stéttarfélögum í sínum starfsgreinum. Þótti þetta stangast á við þau grundvallarmannréttindi að mega standa utan félaga, sbr. 11. gr. MSE.<sup>5</sup>

### **3.3 Vernd neikvæðs félagafrelsis ríkari í 2. mgr. 74. gr. stjkskr. en í 11. gr. MSE**

Þegar íslenski löggjafinn setti ákvæði um að engan megi skylda til aðildar að félagi líkt og það ákvæði sem finna má í 2. mgr. 74. gr. stjkskr., má segja að íslenski löggjafinn hafi gengið lengra í vernd neikvæðs félagafrelsis en mannréttindadómstóllinn hafði gert þangað til. Með ákvæðinu er réttinum til að standa utan félaga gert jafn hátt undir höfði og réttinum til að stofna og ganga í félög samkvæmt 1. mgr. 74. gr. stjkskr. Þegar metið er hvort þvingun til þess að eiga aðild að félagi kunni að vera andstæð 11. gr. MSE hefur það verið talið velta á eðli þvingunarinnar hverju sinni og þá gjarnan með hliðsjón af skoðana og tjáningarfrelsi. Bann 1. másl. 2. mgr. 74. gr. stjkskr. við skylduaðild veitir aftur á móti ekkert svigrúm til slíks mats á lögmati aðildarskyldu, í það minnsta ekki með sama hætti og mannréttindadómstóllinn hefur gert þegar hann hefur skýrt 11. gr. MSE. Neikvætt félagafrelsi samkvæmt 2. másl. 74. gr. stjkskr. takmarkast ekki við félög sem brjóta gegn trúfrelsi, skoðanafrelsi, tjáningarfrelsi eða þá skerða atvinnufrelsi heldur eiga menn rétt til þess að standa utan hvers kyns félaga með þeim undantekningum sem leiða má af ströngum skilyrðum 2. másl. 2. mgr. 74. gr. stjkskr. en það ákvæði heimilar löggjafanum að kveða á um skylduaðild að félagi sé slík aðild nauðsynleg svo félagið megi sinna lögæltu hlutverki sínu, vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra.<sup>6</sup>

## **4 Nánar um kjarasamninga og forgangsréttarákvæði**

### **4.1 Almennt um kjarasamninga**

Í ritinu *Um lög og lögfræði* eftir Sigurð Líndal eru kjarasamningar skilgreindir sem samningar milli stéttarfélags eða stéttarfélagasambands annars vegar og atvinnurekanda eða samtaka þeirra hins vegar um kaup og önnur starfskjör. Samningsaðilar þessir séu oft kallaðir aðilar vinnumarkaðarins. Þar segir jafnframt að kjarasamningar hafi mikla sérstöðu meðal annarra samninga og njóti sérstakrar verndar stjórnarskrárgjafans og almenna löggjafans.<sup>7</sup>

<sup>5</sup> Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu, Sigurður Sigurjónsson gegn Íslandi frá 30. júní 1993. Series A, No. 264.

<sup>6</sup> Áslaug Björgvinsdóttir, „Neikvætt félagafrelsi og staða Lögmannafélags Íslands, *Tímarit lögfræðinga* 1998 3.hefti, 48 árgangur. bls. 238 og 229.

<sup>7</sup> Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði*, bls. 147.



Réttur manna til þess að semja um starfskjör sín er jafnframt tryggður í 2. mgr. 75.gr. stjórnarskrárinnar þar sem fram kemur að í lögum skuli kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu.

## **4.2 Stéttarfélög og kjarasamningar í íslensku lagaumhverfi**

### *4.2.1 Staða stéttarféлага*

Í 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um félagafrelsi en þar segir eftirfarandi:

Rétt eiga menn á að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi, þar með talin stjórnmalafélög og stéttarfélög, án þess að sækja um leyfi til þess. Félag má ekki leysa upp með ráðstöfun stjórnvalds. Banna má þó um sinn starfsemi félags sem er talið hafa ólöglegan tilgang, en höfða verður þá án ástæðulausrar tafar mál gegn því til að fá því slitið með dómi.

Hér má glögglega sjá að réttur manna til þess að stofna stéttarfélög er sérstaklega varinn í stjórnarskrá og gefur það eitt og sér ágæta vísbendingu um lykilstöðu þessarar féлага á íslenskum vinnumarkaði og fyrir samfélagið í heild.

Fjöldmörg ákvæði um kjarasamninga er að finna í íslenskri löggjöf sem gefa góða mynd af stöðu þeirra og þýðingu. Lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eru í lykilhlutverki í þessu samhengi en í 1. mgr. 3. gr. laganna segir meðal annars:

Stéttarfélög ráða málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem sett eru í lögum þessum. Einstakir meðlimir félaganna eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.

Úr þessu má lesa að félagsmenn stéttarféлага eru bundnir við löglega gerða samninga og samþykktir félagsins.

Í 5. gr. kemur fram að stéttarfélög séu lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna enda hafi þau í samþykktum sínum ákveðið að láta starfsemi sína taka til slíkra málefna. Með þessu eru stéttarfélög gerð að lögskipuðum samningsaðila fyrir hönd launþega þeirra sem aðild eiga að félaginu.

Í 7. gr. er að finna ákvæði sem segir að samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur séu ógildir að svo miklu leyti sem þeir fari í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá.

Samkvæmt þessu eru samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur sem ekki eru í samfæmi við samninga stéttarfélags við atvinnurekendur, t.d. samningar sem kveða á um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar, ógildir.

Þessi ákvæði gefa til kynna að kjarasamningar njóti afar sterkrar stöðu í íslensku lagaumhverfi. Með þeim er aðilum vinnumarkaðarins framselt víðtækt vald til þess að setja almennar og bindandi reglur fyrir félagsmenn sína. Fræðimenn hafa gengið svo langt að segja að með þessu hafi kjarasamningum verið fengið sama gildi sem réttarheimild og ófrávíkjanlegum lögum um lágmarkskjör á þeim sviðum sem þeir taka til.<sup>8</sup>

#### 4.3 Forgangsréttarákvæði og forgangsrétturinn

Finna má dæmi um kjarasamninga sem mæla beinlínis fyrir um að allir þeir launamenn sem hlutaðeigandi kjarasamningur tekur til eru gerðir skyldugir til þess að gerast félagsmenn í hlutaðeigandi stéttarfélagi. Þessi ákvæði eru þó á undanhaldi en í dag má einungis finna slík ákvæði í kjarasamningum Félags íslenskra atvinnuflugmanna við flugfélög.<sup>9</sup> Slík ákvæði hafa almennt ekki verið talin samræmast stjórnarskrá Lýðveldisins eftir að ákvæði um að engan megi skylda til aðildar að félagi var sett inn í 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar árið 1995, sbr. dóma *Héraðsdóms Reykjavíkur frá 14. júlí 2000 í málum nr. E-4691/2000 og E-4692-2000*. Í þessum dómum, sem var ekki áfrýjað til Hæstaréttar, var aftur á móti talið að forgangsréttarákvæði stæðust þrátt fyrir 2. mgr. 74. gr. stjkskr.<sup>10</sup>

Forgangsréttarákvæði og hrein aðildarskylduákvæði eiga sér langa sögu hérlendis. Þau eru upphaflega til komin vegna þess að stéttarfélög lögðu mikið upp úr því að fá hinn almenna launþega til liðs við sig. Þau vildu jafnframt koma í veg fyrir að stofnuð yrðu ný stéttarfélög í þeirra starfsgrein, þarna voru nokkurs konar samkeppnissjónarmið að baki og ríkir hagsmunir í húfi. Stéttarfélögin beittu forgangsréttarákvæðum sem leið að þessum markmiðum en eins og gefur að skilja er miklum vandkvæðum bundið að stofna ný stéttarfélög þegar í gildi eru ákvæði í kjarasamningum sem kveða á um að félagsmenn annars stéttarfélags skuli njóta forgangs að þeim störfum sem í boði eru hjá samningsaðilum. Svo ekki sé talað um að afla félagsmanna í félög sem ekki eru aðilar að umræddum kjarasamningum.<sup>11</sup>

Aðildarskylduákvæði samræmdust illa hugmyndum um félagafrelsi borgaranna sem vernduð eru af stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum. Í seinni tíð hafa forgangsréttarákvæðin leyst þessi aðildarskylduákvæði nær alfarið af hólmi og vaknar þá sú spurning hvort slík ákvæði

---

<sup>8</sup> Sigurður Línal, *Um Lög og lögfræði*, bls. 149.

<sup>9</sup> Elín Blöndal, „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sörensen og Rasmussen gegn Danmörku og áhrif hans“, bls. 141.

<sup>10</sup> Elín Blöndal, „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sörensen og Rasmussen gegn Danmörku og áhrif hans“, bls. 141.

<sup>11</sup> Sbr. Lára V. Júlíusdóttir: *Stéttarfélög og vinnudeilur*, bls 29-30.

rúmist frekar innan þeirra marka sem ákvæði stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um félagafrelsi setja, einfaldlega vegna þess að þau eru ekki jafn afdráttarlaus.

Hákon Guðmundsson, fyrrum forseti Félagsdóms ritar grein um kjarasamninga í *Tímarit lögfræðinga* árið 1974 og fjallar hann þar meðal annars um forgangsréttarákvæði kjarasamninga. Segir hann m.a. um forgangsréttarákvæði:

Eigi hefur verið talinn vafi á því, að slíkt ákvæði sé gilt að íslenskum lögum og má í því efni vísa til ýmissa dóma Félagsdóms fyrr og síðar.

Telur hann upp dóma Félagsdóms og víkur sérstaklega að dómi Félagsdóms. II. 146, en í honum segir Hákon að tekin hafi verið afstaða til hagsmuna þriðja manns þ.e. ófélagsbundins verkamanns en ekki eingöngu samningsaðilanna sjálfra. Hákon reifar loks dóm Félagsdóms þar sem verkamannafélag og vinnuveitendur á Akureyri höfðu samið um það að félagsmenn verkamannafélagsins og aðrir, sem stjórn þess félags veitti vinnuréttindi, skyldu eiga forgang að þeirri verkamannavinnu sem framkvæmd væri. Verkamaðurinn B, sem var ófélagsbundinn, krafðist þess að þetta forgangsréttarákvæði yrði dæmt ógilt þar sem það skerti atvinnumöguleika hans og útilokaði hann í raun frá ákveðnum störfum. Þetta legði bönd á atvinnufrelsi hans og væri því brot á 69. gr. stjkskr. Í dómi Félagsdóms sagði að skv. 1. mgr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, eigi menn rétt á að stofna stéttarfélag til að vinna sameiginlega að hagsmunum launþega. Dómurinn taldi að forgangsréttur félagsmanna til vinnu, félli undir þennan nefnda tilgang enda hefðu forgangsréttarákvæði tíðkast fyrir gildistöku laga nr. 80/1938. Ef ætlunin hefði verið að stemma stigu við beitingu forgangsréttarákvæða hefði löggjafanum verið í lófa lagið að banna þau, s.s ef hann hefði talið að þau samrýmdust ekki lögmæltum tilgangi stéttarféлага. Verkamaðurinn gat leitað eftir vinnu hjá öðrum vinnuveitendum sem ekki voru félagsbundnir í stéttarfélaginu og gæti að sama skapi stofnað til síns eigin atvinnureksturs nú eða þá einfaldlega gengið í stéttarfélagið og notið þeirra ákvæða um forgangsrétt sem kjarasamningurinn kvað á um. Eins og sjá má er ekki á nokkurn hátt vikið að sjónarmiðum um félagfrelsi en þau höfðu ekki verið í brennidepli á þessum tíma. Telja verður ólíklegt að rökstuðningur á borð við þann sem Félagsdómur setur fram í þessu máli yrði talinn standast lögfræðilega skoðun í dag.

Af dómi þessum dregur Hákon þá ályktun að ekki verði talið að við þær aðstæður sem uppi voru á þessum tíma verði það talin óréttmæt kvöð að launþegi skuli ganga í stéttarfélag til að tryggja sér aðstöðu á vinnumarkaðinum. Hákon segir að í þessu samhengi skipti ákvæði 2. gr. laga nr. 80/1938 sem kveður á um að stéttarfélag skuli öllum opin í þeirri starfsgrein, mestu máli. Hákon telur einnig að forgangsréttarákvæðum hafi á þeim tíma verið beitt með

hófsemd og nefnir þau sem hentugt verkfræri fyrir stéttarfélög til að stuðla að félagslegum aga og efla átakamátt þeirra í kjaramálum.<sup>12</sup>

Af umfjöllun Hákons má ráða að forgangsréttarákvæði höfðu á þessum tíma augljóslega fengið að vera óáreitt í íslenskri réttarframkvæmd um langa hríð og sjónarmiðum um félagafrelsi launamanna hafði ekki verið gert hátt undir höfði. Beiting ákvæðanna var réttlætt með langri samfelldri framkvæmd m.a. hjá Félagsdómi og sterkrar stöðu stéttarfélaga sem fengið höfðu nokkuð frjálssar hendur til að semja um kjör sinna félagsmanna.

#### 4.4 Dómaframkvæmd um forgangsréttarákvæði

Ekki hefur reynt á lögmæti forgangsréttarákvæði sem slíkra fyrir Hæstarétti en hægt er að draga ályktanir um lögmæti þeirra út frá öðrum heimildum. Árið 2002 gekk dómur í Félagsdómi í máli nr. 2/2002 (*Bifreiðastjórafélagið Sleipnir gegn Samtökum atvinnulífsins*). Vinnuveitandi hafði sagt félagsmönnum í stéttarfélagi upp störfum en hafði áfram ófélagsbundna starfsmenn í vinnu. Vinnuveitandinn var aðili að kjarasamningi sem innihélt forgangsréttarákvæði. Taldist vinnuveitandinn hafa brotið gegn þessu ákvæði með því að segja félagsmönnum upp en halda utanfélagsmönnum í starfi.

Í dómnum er fjallað sérstaklega um stöðu forgangsréttarákvæða og tekið fram að slík ákvæði eigi sér langa stöðu en að viðhorf til þeirra hafi breyst og séu þau nú túlkuð mun þrengra en áður. Það megi m.a. rekja til breytinga á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og ákvæða mannréttinasáttmála sem Ísland eigi aðild að.<sup>13</sup> Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að forgangsréttarákvæði brytu hvorki í bága við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár lýðveldisins né 11. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu. Í rökstuðningi fyrir niðurstöðu dómsins segir m.a.:

Af þessu tilefni er rétt að fram komi að í athugasemdum með 12. gr. frumvarps þess, sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995, er ekki sérstaklega vikið að forgangsréttarákvæðum kjarasamninga.<sup>14</sup> Við meðferð frumvarpsins komu fram breytingartillögur frá stjórnarskrárnefnd, m.a. á 1. másl. 1. mgr. 12. gr. þess efnis að stjórnmalafélaga og stéttarfélaga yrði sérstaklega getið í greininni „í ljósi þess að hér er um að ræða einhverja mikilvægustu flokka félaga í sérhverju lýðræðisríki“, eins og sagði í nefndaráliti.<sup>15</sup> Í nefndarálitinu var og vikið sérstaklega að forgangsréttarákvæðum kjarasamninga. Þar sagði svo: „Sérstök ástæða er að nefna að svonefnd forgangsréttarákvæði, þegar í kjarasamningum er samið um að félagsmenn viðkomandi stéttarfélags skuli hafa forgang til vinnu á félagssvæði þess, leiða ekki af sér félagsskyldu af þeim toga sem fyrri málsliður 2. mgr. Tekur til.“ Síðan segir svo: „Í ljósi

<sup>12</sup> Hákon Guðmundsson: „Kjarasamningar“, bls. 71-91.

<sup>13</sup> *Félagsdómur nr. 2/2002*.

<sup>14</sup> Alþingistíðindi, 1994-1995, A-deild, bls 2105-2108.

<sup>15</sup> Alþingistíðindi 1994-1995, A-deild, bls 3886.

Þessa lítur nefndin svo á að með samþykkt frumvarpsins sé í engu verið að hrófla við núverandi réttarstöðu á vinnumarkaði að því er varðar forgangsréttarákvæði...“<sup>16</sup>

Þegar niðurstaða Félagsdóms lá fyrir höfðuðu félagsmennirnir mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur vegna meintrar ólögmætrar uppsagnar<sup>17</sup>. Dómari í málinu sagði að þótt forgangsréttarákvæði í kjarasamningum yrðu almennt ekki talin brjóta í bága við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár væri nauðsynlegt, í ljósi hins afdráttarlausu ákvæðis 2. mgr. 74. gr. stjkskr., að beita slíkum ákvæðum af varfærni og þá sérstaklega þegar hagsmunir félagsmanna í stéttarfélögum, sem aðilar eru að kjarasamningum sem innihalda forgangsréttarákvæði, rekast á við hagsmuni þeirra sem ekki eru aðilar að slíkum félögum og njóta því ekki forgangsréttar. Jafnframt sagði hann að hefði stefndi í málinu skipulega hlíft félagsmönnum við uppsögn með vísan til forgangsréttarákvæðisins hefði verið um að ræða alvarlega íhlotun gegn neikvæðu félagafrelsi manna og slíkt jafngilti þvingun til aðildar að umræddu stéttarfélagi. Slík beyting forgangsréttarákvæða bryti í bága við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár auk 4. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Héraðsdómur hafnaði því bótakröfu félagsmanna.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem í *Hrd. 2004, bls. 640 (265/2003)* og *Hrd. 2004, bls. 656 (266/2003)* féllst á bótakröfu áfrýjenda vegna þess að Félagsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að forgangsréttarákvæði hafi verið brotið með því að segja þeim upp störfum. Dómar Félagsdóms væru endanlegir og þeim yrði ekki áfrýjað sbr. 67. gr. laga nr. 80/1938 og því væri uppsögnin ólögmæt vegna *res judicata-áhrifa* þeirra sem kveðið er á um í 116. gr. laga nr 91/1991 um meðferð einkamála. Áfrýjendum voru því dæmdar bætur.<sup>18</sup>

Af þessum dómum má draga þá ályktun að forgangsréttarákvæði geti að minnsta kosti að einhverju marki staðist ákvæði 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár en erfitt getur reynst að ákvarða hvar mörkin liggja. Deildar meiningar eru uppi um niðurstöðu Félagsdóms í Sleipnismálinu enda hefðu þeir starfsmenn sem héldu störfum sínum í málinu þurft að segja sig úr því félagi sem þeir voru í og ganga í stéttarfélagið sem naut forgangsréttar til þess að halda starfi sínu. Því mætti segja að þarna væri fram komin samskonar nauðung á hendur launamönnunum og ef um hreint aðildarskylduákvæði væri að ræða. Því mætti færa fyrir því sterk rök að

<sup>16</sup> Alþingistíðindi 1994-1995, A-deild, bls 3886

<sup>17</sup> Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. apríl 2003

<sup>18</sup> Sjá *Hrd. 2004, bls. 640 (265/2003)* og einnig *Hrd. 2004, bls 656 (266/2003)* þar sem einnig má finna dóm héraðsdóms.

niðurstaða Félagsdóms í málinu sé ekki í samræmi við ákvæði 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.<sup>19</sup>

Evrópunefnd um félagsleg réttindi hefur eftirlit með framkvæmd Félagsmálasáttmála Evrópu. Nefnd þessi hefur ítrekað gagnrýnt Ísland í ályktunum sínum fyrir að láta forgangsréttarákvæði óátalin. Nefndin tók sérstaklega fram, í ályktunum sínum um Ísland árið 1998 að bæði forgangsréttarákvæði (*e. priority clauses*) og aðildarskylduákvæði (*e. closed shop clauses*) brjóti í bága við 5. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu. Segir nefndin meðal annars berum orðum. „The Committee observes that closed shop and priority clauses are in principle in breach of the Charter.“<sup>20</sup> Álit nefndarinnar virðast hafa nokkuð vægi meðal aðildarríkja að sáttmálanum þó Ísland hafi tekið tillit til þeirra svo neinu nemur hingað til, í það minnsta hvað forgangsréttarákvæðin varðar.

Nefndin sendi frá sér frekari ályktanir árið 2010 þar sem hún ítrekaði afstöðu sína en þá var ástandið enn óbreytt á Íslandi. Nefndin taldi íslenska ríkið ekki uppfylla skyldur sínar skv. 5. gr. Félagsmálasáttmála Evrópu þar sem forgangsréttarákvæði fengju enn að viðgangast. Slíkt bryti í bága við rétt manna til þess að standa utan stéttarféлага.<sup>21</sup>

Af dómaframkvæmd félagsdóms má draga þá ályktun að stéttarfélög geti enn borið fyrir sig forgangsréttarákvæði kjarasamninga. Aftur á móti verður að telja þörf á því að Hæstiréttur taki af skarið um lögmæti ákvæðanna en til að það megi gerast þá þyrfti einstaklingur, sem kýs að standa utan stéttarféлага, að höfða mál gegn vinnuveitanda sínum á þeim forsendum að honum hafi verið neitað um ráðningu á grundvelli forgangsréttarákvæðis.

#### **4.5 Munurinn á forgangsréttarákvæðum og aðildarskylduákvæðum**

Þegar forgangsréttarákvæði kjarasamninga eru skoðuð ofan í kjölinn má glögglega sjá að þessi ákvæði eru mjög eðlislík og í raun má segja að forgangsréttarákvæði séu í raun aðeins afbrigði af aðildarskylduákvæðum. Þó þau séu ekki jafn afdráttarlaus og aðildarskylduákvæðin geta þau, í það minnsta við vissar kringumstæður, falið í sér nákvæmlega sömu áhrif og ef um aðildarskylduákvæði væri að ræða. Þetta gæti t.d. átt sér stað þegar launamaður hafnar að gerast aðili að stéttarfélagi og mögulegur vinnuveitandi

---

<sup>19</sup> Elín Blöndal, „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sörensen og Rasmussen gegn Danmörku og áhrif hans“, bls. 143.

<sup>20</sup> Ályktanir (conclusions) Evrópunefndar um félagsleg réttindi um Ísland frá 1998 um 5. gr. Birt á vef Evrópuráðsins. Sjá [www.coe.int](http://www.coe.int) (Human Rights – European Social Charter – Case law – Case law database of the European Committee of Social Rights).

<sup>21</sup> Ályktanir um Ísland frá 2010, um 5. gr.

ákveður að ráða annan aðila til starfa af þessum sökum. Í þessu dæmi er höfnun vinnuveitandans bein afleiðing þess að hann neitar að gerast aðili að stéttarfélagi. Varla verður séð að einhver munur sé á þeirri þvingun sem þetta forgangsréttarákvæði hefur í för með sér og áhrifum almenns aðildarskylduákvæðis.

Aðskilnaður á milli forgangsréttarákvæða og aðildarskylduákvæða á rætur að rekja til stjórnarskrárbreytinga árið 1995. Við meðferð frumvarps til stjórnskipunarlags nr. 97/1995 á Alþingi komu fram athugasemdir varðandi orðalag 2. mgr. 74. gr. Stjórnskipunarnefnd Alþingis tók sérstaklega fram í nefndarálini sínu með frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 97/1995 að með samþykki frumvarpsins væri í engu verið að hrófla við réttarstöðu á vinnumarkaði að því er snerti forgangsréttarákvæði eða skyldu launafólks samkvæmt kjarasamningum til að greiða gjöld til stéttarfélaga.<sup>22</sup>

Í *Hrd* 1998, bls. 718 (259/1997) sem gjarnan er kallað Lögmannafélagsmálið, var deilt um lögmati þess að krefja félagsmann í lögmannafélaginu um félagsgjöld sem að einhverju leyti kynni að vera varið til annarra verkefna en beinlínis leiddu af verkefnum þess samkvæmt lögum nr. 61/1942. Í dómi Hæstaréttar segir að lögmannafélagið eigi lögbundnu hlutverki að gegna sem tengt sé þeim réttindum sem veitt séu málflutningsmönnum. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að skylduáðild að félaginu hafi ekki heimilað stjórn félagsins að krefja menn um önnur gjöld en þau sem hafi þurft til að sinna hinum lögbundnu skyldum félagsins. Fyrir lá að nokkur hluti af fjárhagslegum umsvifum félagsins var utan lögbundinna verkefna. Lögmannafélagið neitaði undir rekstri málsins að aðgreina kostnað af starfsemi félagsins eftir því hvaða þættir hennar væru nauðsynlegir vegna hins lögbundna hlutverks þrátt fyrir áskoranir gagnaðila. Af þeim sökum taldi Hæstiréttur að sýkna yrði lögmanninn af kröfum félagsins að öllu leyti. Líklegt er að hann hefði þurft að standa skil á hinum lögbundna kostnaði ef aðgreining hefði legið fyrir.<sup>23</sup>

Í *Hrd*. 6. Mars. 2014 (144/2014) deildu aðilar um það hvort B væri skylt að vera félagsmaður í Félagi fasteignasala og greiða félagsgjöld til félagsins. B bar því fyrir sig að sú skylda til félagsaðildar sem kveðið væri á um í síðari málslið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa, bryti í bága við 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Hæstiréttur vísaði til þess að í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 99/2004 væri skýrlega mælt fyrir um aðildarskyldu fasteignasala í Félagi fasteignasala og það rúmaðist innan orðalags 2. mgr. 74.

<sup>22</sup> Alþingistíðindi 1994-1995, A-deild, bls. 3886.

<sup>23</sup> Áslaug Björgvinsdóttir: „Neikvætt félagafrlsi og staða lögmannafélags Íslands“, Bls. 238.

gr. stjskr. og kvað því á um skyldu til aðildar að félagi í lögum. Einnig var fallist á að áskilnaði stjórnarskrárákvæðisins um almannahagsmuni væri fullnægt. Við mat á því hvort nauðsyn stæði til þess að fasteignasalar væru félagsmenn í Félagi fasteignasala vísaði Hæstiréttur til þess að ekki væri unnt að horfa til annarra atriða við matið varðandi hlutverk félagsins heldur en þeirra sem kveðið væri á um í lögum. Líta yrði til meginreglna íslenskrar stjórnskipunar um meðalhóf og gæta að því hvort lagaboð íþyngi mönnum að óþörfu eða hvort unnt hafi verið að ná sama markmiði með öðru og vægara móti. Fasteignasalar, sem hlotið höfðu löggildingu til starfa, höfðu einir heimild til milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum, skráningarskyldum skipum og atvinnufyrirtækjum, sem ættu undir ákvæði laganna. Því þyrfti að játa löggjafanum nokkuð rúmar heimildir til að leggja byrðar á þá sem heyrðu undir þessa starfsstétt. Hæstiréttur mat það svo að ekki hefði verið sýnt fram á að skylda fasteignasala til aðildar að Félagi fasteignasala hefði verið nauðsynleg til þess að félagið gæti sinnt því hlutverki sem því hafði verið fengið með lögum. Síðari málsliður 1. mgr. 18. gr. laga nr. 99/2004 var því talinn brjóta gegn 2. mgr 74. gr. stjskr. og yrði því, af þeim sökum, ekki beitt. Niðurstaða héraðsdóms um sýknu B af kröfum félagsins um greiðslu gjaldfallins félagsgjalds var því staðfest auk þess að staðfest var og viðurkennt að B væri óskyld að vera félagsmaður í félaginu.

#### **4.6 Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku.**

Víkjum því næst að dómi *MDE, Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku, 11. janúar 2006* (52562/99 og 52620/99). Mál þetta snerist um rétt tveggja starfsmanna til að standa utan félaga á grundvelli 11. gr MSE. Kæra þeirra beggja laut að því að tilvist ákvæða í kjarasamningum í starfsgreinum þeirra í Danmörku, sem mæltu fyrir um að forsenda fyrir vinnu hjá atvinnurekendum sem bundnir væru af kjarasamningum væri að starfsmenn ættu aðild að stéttarfélögum, bryti gegn rétti þeirra til félagafrelsis sem verndað væri í 11. gr. sáttmálans. Niðurstaða dómsins var kærendum í vil og taldi hann að danska ríkið hefði ekki verndað rétt þeirra til að standa utan félaga, nánar tiltekið hinn neikvæða rétt þeirra til stéttarfélagafrelsis.<sup>24</sup>

Þegar þessi dómur er skoðaður nánar má sjá að í honum er ekki gerður sérstakur greinarmunur á forgangsréttarákvæðum og aðildarskylduákvæðum. Dómstóllinn vísar til Félagsmálasáttmála Evrópu og framkvæmdar eftirlitsnefndar með ákvæðum hans og tekur

---

<sup>24</sup> Elín Blöndal, „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku og áhrif hans“, bls 132



með því af allan vafa þess efnis. Hjá þeirri eftirlitsnefnd hefur sú staða löngum verið uppi að forgangsréttarákvæði brjóti gegn 5. gr. Félagsmálasáttmálans sem er mjög svipaðs efnis og 11. gr. MSE. Bæði forgangsréttarákvæði og aðildarskylduákvæði eru felld undir closed shop ákvæði, eða aðildarskylduákvæði eins og þau hafa verið kölluð að hingað til í ritgerðinni.

Af dómnum má ráða að ef forgangsréttarákvæðum er beitt með þeim hætti að þau leiði til þess að einstaklingur sé þvingaður til aðildar að tilteknu félagi, myndi slíkt ekki standast gagnvart 11. gr. MSE. Það kann að vera vandkvæðum háð að sjá hvar mörkin liggja, þ.e. hversu veruleg þvingunin þarf að vera svo brotið sé gegn ákvæðinu en þó verður að telja að ekki verði gerðar strangar kröfur til alvarleika þvingunarinnar eða að hvaða marki hún skerðir hagsmuni viðkomandi starfsmanns til þess að um brot sé að ræða.<sup>25</sup>

## 5. Réttaráhrif forgangsréttarákvæða

### 5.1 Kjarasamningar sem innihalda forgangsréttarákvæði

Líkt og áður greinir má draga þá ályktun að ákvæði kjarasamninga, sem ganga í berhögg við lög, teljist að vettugi virðandi samkvæmt reglunni um lex superior. Þar af leiðandi geta stéttarfélög og atvinnurekendur ekki, í krafti samningsfrelsis, svipt launþega réttindum sem þeim eru tryggð í settum lögum. Réttaráhrif kjarasamningsákvæða, sem eru andstæð lögum, væru því engin og atvinnurekendur þyrftu ekki að taka mið af þeim í einstökum ráðningarsamningum. Aftur á móti er atvinnurekendum ekki í sjálfsvald sett að meta hvort ákvæði, sem lögformlegur samningsaðili þeirra hefur samþykkt að mælt skuli fyrir um í kjarasamningi, fari í bága við sett lög. Það er því nauðsynlegt að kveðið sé á um slíkt ólögmati kjarasamningsákvæða af dómstólum áður en atvinnurekendur virða tiltekin ákvæði kjarasamnings að vettugi.

Á meðan Hæstiréttur hefur ekki kveðið á um ólögmati forgangsréttarákvæða í kjarasamningum verður að telja atvinnurekendur bundna af slíkum ákvæðum. Þar sem Félagsdómur hefur talið slík ákvæði í samræmi við lög verður jafnframt að telja enn ríkari skyldur hvíla á atvinnurekendum að virða slík ákvæði þegar starfsmenn eru ráðnir til starfa. Fari svo að atvinnurekandi fari gegn forgangsréttarákvæðum við ráðningar væri því um kjarasamningsbrot að ræða sem getur sætt viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 80/1938.

---

<sup>25</sup> Elín Blöndal, „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sörensen og Rasmussen gegn Danmörku og áhrif hans“, bls 142-143

## 5.2 Ráðningarsamningar sem brjóta gegn forgangsréttarákvæðum

Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað af almennum dómstólum hver réttaráhrif ráðningarsamnings séu, sem gerður er í andstöðu við forgangsréttarákvæði kjarasamnings. Dómaframkvæmd MDE gefur ekki heldur afdráttarlaus svör en af henni má þó draga þær ályktanir að forgangsréttarákvæði kunni að brjóta gegn rétti einstaklinga til að standa utan félaga.

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan þá hafa forgangsréttarákvæði fyrir löngu fest sig í sessi í íslensku lagaumhverfi. Stéttarfélögum eru fengnar víðtækar heimildir í lögum til þess að semja um kjör sinna félagsmanna og er staðan í dag orðin sú að forgangsréttarákvæði er að finna í langflestum kjarasamningum sem gerðir eru á Íslandi.

Þegar réttaráhrif ráðningarsamninga, sem gerðir eru í andstöðu við forgangsréttarákvæði kjarasamninga, eru skoðuð eru nokkur veigamikil sjónarmið sem vegast á og hafa þau mörg hver verið reifuð hér að framan. Ákvæði stjórnarskrár og MSE um félagafrelsi hafa hér mikið vægi og standa andspænis sterkri stöðu kjarasamninga hér á landi auk rótgróinnar hefðar um notkun forgangsréttarákvæða sem fengið hefur stoð í dómaframkvæmd Félagsdóms, vilja löggjafans auk annarra heimilda.

Telja verður, í það minnsta í núverandi réttarástandi að ráðningarsamningar sem fara bága við forgangsréttarákvæði kjarasamninga yrðu talin ógild á grundvelli hinnar rótgrónu meginreglu um að samningsákvæði sem fara í bága við lög teljist ógild og jafnframt er skýrt kveðið á um í 7. gr. laga nr. 80/1938. Á því leikur hins vegar enginn vafi að dómur MDE geta haft þýðingu í íslenskri réttarframkvæmd og eru fjölmörg dæmi þess efnis að dómsvaldið og löggjafarvaldið líti til dómaframkvæmdar MDE þegar kveða á upp dóma eða við lagasetningu.<sup>26</sup> Ef sú grundvallarbreyting ætti að verða hér á landi að forgangsréttarákvæði yrðu metin ógild af Hæstarétti þá er ljóst að vinnuveitendur verða ekki lengur bundnir af forgangsréttarákvæðum kjarasamninga. Til að slíkur dómur verði kveðinn upp þyrfti einstaklingur, sem neitað er um starf á þeim grundvelli að hann standi utan tiltekins stéttarfélags, að leita réttar síns fyrir almennum dómstólum. Jafnframt væri hægt að breyta núverandi ástandi með lagasetningu þar sem lögfest yrði að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum teljist ógild.

---

<sup>26</sup> Sjá t.d. *Hrd.* 1990, bls 2 (120/1989)

## 6. Niðurstöður

Þrátt fyrir að forgangsréttarákvæðum hafi verið beitt án teljandi athugasemda hér á landi um árabíl má ætla að það gæti breyst ef reyna mun á þau fyrir Hæstarétti. Eins og rakið hefur verið hér að framan þá samrýmast forgangsréttarákvæði illa ákvæðum 2. mgr. 74. gr. stjkskr. og 11. gr. MSE enda kunna þau að brjóta gegn rétti manna til þess að standa utan félaga. Nágrannapjóðir okkar hafa tekið skýra afstöðu gagnvart forgangsréttarákvæðum sem og aðildarskylduákvæðum en slík ákvæði eru nú bönnuð með lögum í Danmörku, hvort sem um er að ræða forgangsréttarákvæði í kjarasamningum, félagslögum eða innri reglum fyrirtækja. Eftir áður nefndan dóm *MDE í máli Young, James og Webster gegn Bretlandi* setti danska þingið lög nr. 285/1982 um vernd gegn uppsögnum sökum félagsstöðu (*d. lov om beskyttelse mod afskedigelse på grund af foreningsforhold*) m.a. til þess að tryggja það að ríkið uppfyllti skyldur sínar skv. 11. gr. MSE.<sup>27</sup> Hæstiréttur Noregs hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að forgangsréttarákvæði kjarasamninga brjóti í bága við norsk lög þar sem þau fela í sér mismunun gagnvart mönnum sem standa utan stéttarfélaga.<sup>28</sup>

Það er áhyggjuefni að ekki hafi enn verið skorið úr um það endanlega hér á landi hvort forgangsréttarákvæði kjarasamninga séu í samræmi við lög. Í nágrannalöndum okkar hefur hins vegar verið tekið af skarið með skýrri lagasetningu eða dómum Hæstaréttar um að slík ákvæði brjóti gegn grundvallarmannréttindum borgaranna. Það væri því réttarskýrandi ef Hæstiréttur myndi kveða á um lögmæti slíkra ákvæða eða ef löggjafinn myndi setja í lög að forgangsréttarákvæði kjarasamninga væru óheimil. Á meðan ekki hefur verið tekið af skarið að þessu leyti er hins vegar ljóst að stéttarfélög geta enn borið forgangsréttarákvæði fyrir sig og nýtt þau til að efla samtakamátt í baráttu sinni gagnvart atvinnurekendum.

---

<sup>27</sup> Ruth Nielsen: *Lærebog i Arbejdsret*, bls. 112.

<sup>28</sup> Sjá *Rt. 2001*, bls 1413

## HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Áslaug Björgvinsdóttir: „Neikvætt félagafrelsi og staða lögmannafélags Íslands“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. tbl. 1998.

Elín Blöndal: „Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku og áhrif hans“. *Tímarit lögfræðinga*, 2. tbl. 2006.

Hákon Guðmundsson, „Kjarasamningar“. *Tímarit lögfræðinga*, 2. tbl. 1974.

Lára V. Júlíusdóttir: *Stéttarfélög og vinnudeilur. Þættir úr vinnumarkaðsrétti*. Reykjavík 2010.

*Lögfræðiorðabók með skýringum*. Ritstj. Páll Sigurðsson. Reykjavík 2008.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*. Reykjavík 2011.

Ruth Nielsen: *Lærebog i Arbejdsret*. 9. Útgáfa. Kaupmannahöfn 2005.

Sigurður Líndal: *Um Lög og lögfræði. Grundvöllur laga – Réttarheimildir*. Reykjavík 2010.

## DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar Íslands:

*Hrd. 1990, bls. 2 (120/1989)*

*Hrd 1998, bls. 718 (259/1997)*

*Hrd. 2004, bls. 640 (265/2003)*

*Hrd. 2004, bls. 656 (266/2003)*

*Hrd. 6. Mars. 2014 (144/2014)*

Dómar Héraðsdóms Reykjavíkur:

*E-4691/2000*

*E-4692-2000*

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

*MDE, Young, James og Webster gegn Bretlandi, 13. ágúst 1981 (7601/76 og 7806/77)*

*MDE, Sigurður Sigurjónsson gegn Íslandi, 30. júní 1993 (16130/90)*

*MDE, Sørensen og Rasmussen gegn Danmörku, 11. janúar 2006 (52562/99 og 52620/99)*

Dómar Félagsdóms:

*Félagsdómur nr. 2/2002*

Dómar Hæstaréttar Noregs:

*Rt. 2001, bls. 1413*